

Alþingi
Erindi nr. P 138/1601
komudagur 8.4.2010

Reykjavík 7. apríl 2010

Tilvísun: 2010030096

50.03

Tilvísun yðar:

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvörp til umsagnar - mannvirki, skipulag og brunavarnir

Vísað er til tölvupósts Nefndasviðs Alþingis, f.h. umhverfisnefndar Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er umsagnar embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki og frumvarps til laga um brunavarnir, 425., 426. og 427. mál.

Með bréfi dags. 4. júlí 2008 var ríkislögreglustjóra send drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum vegna frumvarps til skipulagslaga, frumvarps til laga um mannvirki og framvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, en áður hafði embættið veitt umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál, með bréfum 31. mars 2008 og 6. ágúst 2008, er fylgja hjálagt.

Í umsögn ríkislögreglustjóra, dags. 31. mars 2008, var einkum vakin athygli á því að ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, sbr. 11. gr. frumvarpsins, stangist á við ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996, laga um loftferðir nr. 60/1998 og laga um almannavarnir nr. 82/2008, þar sem 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir setur m.a. lögreglu á vettvangi undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra, eins og nánar greinir í umsögn embættisins. Jafnframt var gerð tillaga að breytingu á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir.

Af þessu tilefni eru athugasemdir ríkislögreglustjóra við 11. gr. frumvarps til laga um brunavarnir ítrekaðar en í nefndaráliti og breytingartillögu hefur ekki verið tekið mið af athugasemdum embættisins.

Hér fyrir neðan fylgir umsögn embættisins um frumvarp til skipulagslaga. Í 1. gr frumvarpsins eru rakin markmið laganna en þar segir m.a. í staflíð a að öryggi landsmanna skuli haft að leiðarljósi. Í 2. gr. 15. tl. er m.a. tekið fram að í skipulagsáætlunum skuli forsendum ákvarðana lýst. Af þessu leiðir að gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið: Í 2. gr. 19. tl. er tiltekið að umsagnaraðilar séu opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála. Væntanlega er hér átt við stofnanir og stjórnvöld sem fá skipulagsáætlanir til umsagnar. Í athugasemdum með frumvarpinu eru tvær stofnanir, Umverfisstofnun og Vegagerðin, nefndar sem dæmi. Í 10. gr. laga nr. 82/2008 segir að í umdæmum sínum vinni almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Jafnframt er í 7. gr laga um almannavarnir kveðið á um að ríkislögreglustjóri hafi eftirlit með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir. Í ljósi þessa mætti telja ástæðu til að ríkislögreglustjóri vegna almannavarnadeildar, eigi þess kost að

veita umsögn um svæðisskipulagsáætlanir og aðalskipulagsáætlanir.

Varðandi 10. gr.: Á sama hátt og mælt er fyrir um að gera skuli grein fyrir áætlunum opinberra aðila varðandi ýmsa málaflokka, með tilliti til skipulags með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, er ástæða til að gera grein fyrir vá sem nær til tiltekinna svæða. Einkum er ástæða til að fjalla um náttúruvá því hún getur í mörgum tilfellum haft bein áhrif á sjálfbæra þróun svæða.

12. gr. frumvarpsins fjallar um skipulagsskyldu og er í 2. mgr. kveðið á um að marka skuli stefnu um landnotkun og byggðapróun. Ennfremur að þar skuli setja fram stefnumið um atriði s.s. náttúruvernd, vatnsvernd og fleira. Hér þykir vera ástæða til að setja kvöð um mótun stefnu varðandi náttúruvá. Þar má aftur vísa til 10. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir þar sem kveðið er á um skyldu sveitarfélaga til að meta hættu s.s. af völdum náttúruhamfara. Á sama hátt ætti slíkt ákvæði heima í 21. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um svæðisskipulag, í 28. gr. þar sem fjallað er um aðalskipulag og í 37. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um deiliskipulag.

45. gr. frumvarpsins fjallar um skipulagsreglugerð og leiðbeiningar. Þar er tiltekið að í reglugerðinni skuli kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár. Í skipulagsreglugerðinni sjálfri, nr. 400/1998, er í gr. 4.18.1 upptalning á tegundum náttúruvár. Upptalningin í þessari grein er ekki tæmandi en til viðbótar mætti nefna gróður eða skógarelda og breytingar á sjávarstöðu.

F.h. RLS

Jón F. Bjartmarz / Thelma Clausen Þórðardóttir

Fylgigögn:

Bréf ríkislögreglustjóra, dags. 31. mars 2008

Bréf ríkislögreglustjóra, dags. 6. ágúst 2008